

Fimmtudaginn 7. febrúar 1952.

Nr. 19/1951. **Ákærvaldið** (Þórólfur Ólafsson)

gegn

Jakobi Sigurði Sigurjónssyni

(Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Bifreiðarslys. Manndráp af gáleysi.

Dómur Hæstaréttar.

Torfi Jóhannsson bæjarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýj-
aða dóm.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur framhaldsrannsókn
verið háð í málinu.

Ákærði fór frá bifreið sinni á Hilmisgötu, án þess að gera
fullnægjandi ráðstafanir því til varnar, að bifreiðin færi af
stað af sjálfsdáðum eða að aðvífandi menn gætu komið henni
af stað. Með þessu gáleysi sínu hefur hann valdið slysi því, er
í málinu greinir, og gerzt brotlegur við lagaákvæði þau, sem
til er vitnað í hinum áfrýjaða dómi, sbr. og 2. tl. 5. gr. reglu-
gerðar nr. 72/1937. Þar sem fallast má á úrlausn héraðsdóms
um refsingu, ökuleyfissviptingu og sakarkostnað, ber að stað-
festa hann með þeirri breytingu, að frestur til greiðslu sekt-
arinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Þá ber og
að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakar-
innar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda
í Hæstarétti, 1100 krónur til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að
greiðslufrestur sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Jakob Sigurður Sigurjónsson, greiði allan
áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflut-
ningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti,

hæstaréttarlögmannanna Þórólfs Ólafssonar og Sveinbjörns Jónssonar, 1100 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Vestmannaeyja 19. desember 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 13. þ. m., er höfðað af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu gegn Jakobi Sigurði Sigurjónssyni bifreiðarstjóra, Boðaslóð 1, Vestmannaeyjum, fyrir meint brot gegn 23. kafla almennra hegningarlaga, bifreiðalögum nr. 23/1941 og umferðarlögum nr. 24/1941 til refsingar, sviptingar ökuréttinda og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði, Jakob Sigurður Sigurjónsson, er fæddur 23. júní 1928 í Vestmannaeyjum og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum, öllum í Vestmannaeyjum:

1947 10/6. Sátt, 60 kr. sekt fyrir ólöglegan ökuhraða.

1948 31/1. Dómur, 500 kr. sekt fyrir brot gegn 219. gr. alm. hegningarlaga og 27. gr. bifreiðalaga og 2. gr. umferðarlaga.

Ákærði er bifreiðarstjóri að atvinnu og starfar á Bifreiðastöð Vestmannaeyja. Ekur hann sinni eigin bifreið, V-95, sem er 3ja tonna Ford-bifreið, model 1947. Klukkan 9 að morgni þess 2. okt. s.l. var hringt á stöðina frá Hraðfrystihúsinu H-30 og beðið um bifreið til þess að kalla fólk í vinnu. Ákærði var látinn fara þessa ferð, og ók hann niður að Hraðfrystistöðinni og tók þar mann með sér til þess að fara í húsin og kalla á fólk, og var það Þórir Jóhannsson frá Höfðahúsi. Þeir fóru fyrst upp á Hásteinsveg og kölluðu þar eina konu. Þaðan fóru þeir niður á Vesturveg og kölluðu þar fólk og síðan inn á Vestmannabrautina að Sandgerði og Gunnarshólma og þar næst inn á Hilmsgötuna. Námu þeir þar staðar við innganginn milli garðanna fyrir framan hús Engilberts Gíslasonar, Hilmsgötu 3, og hússins Hilmsgötu 1. Fór Þórir þar út úr bifreiðinni og ætlaði að bakdyrum hússins Hilmsgötu 5, til þess að kalla á konu, sem þar bjó. Svo hagar til þarna, að húsin Hilmsgata 1, Hilmsgata 3 og Hilmsgata 5 eru öll sambyggð, og er yfirbyggt port á milli húsanna Hilmsgötu 1 og Hilmsgötu 3. Lá leiðin eftir stíg milli garðanna fyrir framan húsin, ca. 15 metra löngum, síðan gegnum portið og upp með húsinu Hilmsgötu 3 að austanverðu. Öll var leiðin frá bifreiðinni að bakdyrum Hilmsgötu 5 34 metrar. Er Þórir var kominn út úr bifreiðinni, kallaði hann til ákærða og kvaðst ekki vita, hvar ganga ætti inn í húsið. Ákærði ákvað þá að fylgja honum. Slókkta hann á bifreiðinni og kveðst hafa sett handbremsuna á, en hélt hins vegar, að hann hefði ekki sett bifreiðina í „gír“. Kveðst Þórir hafa veitt því athygli, að ákærði beygði sig áfram og kipti í, og hafi sér því verið ljóst, að hann hafi bremsað bifreiðina. Hlupu þeir síðan við fót upp stiginn milli garðanna, og er þeir komu í portið, kveðst ákærði hafa litið augnablik aftur og séð, að bifreiðin var kyrr á götunni. Héldu þeir svo áfram og að bakdyrum hússins Hilmsgötu 5. Börðu þeir þar á dyr, og kom konan, sem þeir ætluðu að hitta, svo að segja strax til dyra. Skil-

uðu þeir erindinu og áttu stutt samtál við konuna og hröðuðu sér síðan til baka. Er þeir komu í portið, var bifreiðin horfin af götunni. Hafði þá liðið stuttur tími, frá því þeir skildu við hana, en nákvæmlega kváðust þeir ekki geta tilgreint tímann, en ljóst er, að hann hefur hlotið að vera skammur. Héldu þeir í fyrstunni, að einhver hefði tekið bifreiðina og ekið henni í burtu, en er þeir komu út á götuna, sáu þeir, hvar bifreiðin stóð á ská á gangstéttinni fyrir framan Baðhúsið, rúmum 50 metrum neðar við götuna. Hafði bifreiðin numið staðar við steiptan vegg fyrir framan Baðhúsið, og sáu þeir strax, að kona var níst milli veggins og bifreiðarinnar. Hlupu þeir strax niður að bifreiðinni, og um sama leyti bar þarna ýmsa menn að. Er að var komið, var afturendi bifreiðarinnar vinstra megin uppi á garðinum, og náði vinstra afturhornið allt að því hálfan metra inn yfir garðinn. Vinstra afturhjól var á lofti, en hægra afturhjól var á gangstéttarbrúninni, en hægra framhjólíð úti á götunni. Stóð bifreiðin þannig á ská á gangstéttinni, og var konan klemmd inni í kverkinni milli bifreiðar og veggjar, og hafði vinstra hornið á grindinni undir troginu rekizt inn í brjóst konunnar. Konan var örend, er að var komið, og hafði slysið gerzt svo hljóðlega, að maður, sem staddur var á gangstéttinni nokkrum metrum neðar, hafði ekki orðið þess var. Einn þeirra, sem að kom, Alfons Björgvinsson, stökk þegar inn í bifreiðina, setti hana í gang og ætlaði að aka áfram. En hann hvarf frá því, því bæði var, að útlit var til, að konan myndi þá dragast með bifreiðinni, og svo var annað afturhjólíð á lofti, svo að ekki var unnt að aka bifreiðinni áfram. Þeir, sem komnir voru á staðinn, röðuðu sér þá á bifreiðina og lyftu henni upp að aftan og fjarlægðu hana frá veggnum, og gekk það greiðlega. Féll konan þá niður á götuna. Var hún síðan tekin upp og flutt upp á sjúkrahús. Þetta var Guðný Ólafsdóttir, húsfreyja á Kirkjuvegi 70, Vestmannaeyjum, kona Snæbjörns Bjarnasonar trésmiðameistara. Hún var fædd 9. marz 1895 og var því 55 ára að aldri. Hún virtist hafa látizt strax, er hún varð fyrir bifreiðinni. Samkvæmt læknisvottorði, dags. 3. okt. s.l., var lík hennar með skránum og mari hægra megin á andliti og hálsi. Hægra viðbein var mölbrotið, og um mitt viðbeinið var sár inn í lungu eins og eftir stungu, og var mar í kringum sárið. Aðrir áverkar voru ekki sjáanlegir.

Tvö vitni höfðu veitt konunni athygli, rétt áður en slysið varð, og annað þeirra var eina vitnið, sem sá bifreiðina koma niður götuna, en þó ekki nema nokkuð af leiðinni. Helga Jónsdóttir, Vestmannabraut 30, kváðst hafa verið stödd í eldhúsinu í íbúð sinni að morgni þess 2. okt. s.l. og hafa verið að hella upp á könnuna. Varð henni þá litið út um gluggann á eldhúsinu og sá þá Guðnýju Ólafsdóttur koma gangandi upp gangstéttina austan megin við Bárustíginn. Var hún með mjólkurbrúsa og innkaupa-tösku í hendinni. Leit vitnið þá á armbandsúr sitt, og var þá klukkan 20 mínútur gengin í tíu. Síðan hélt vitnið áfram að hella upp á könnuna án þess að hreyfa sig frá glugganum og leit svo eftir augnablik út á götuna. Sá hún þá, að konan hafði orðið fyrir bíl og var klemmd milli steinveggins fyrir framan Baðhúsið og bifreiðarinnar, milli aftasta og næst aftasta bitans undir bifreiðinni, og virtist aftasti bitinn vera búinn að fara yfir

hana. Hreyfðist höfuð hennar, og var því ljóst, að konan var alveg nýorðin fyrir bifreiðinni, er vitnið leit til hennar. Alfons Björgvinsson kvaðst hafa verið á gangi á Strandveginum á tíunda tímanum umræddan morgun. Gekkk hann þaðan inn á Bárustíginn og fór eftir gangstéttinni austanmegin. Er hann var kominn móts við húsið Drifanda (Bárustíg 2), sá hann bifreið koma afturábak niður veginn móts við húsið Viðey (Vestmanna- braut 30). Síðan sá hann, að bifreiðin fór upp á gangstéttina fyrir neðan Viðey, og hélt vitnið fyrst, að verið væri að bakka bifreiðinni inn í krikann, sem er norðan og neðan við húsið. Alveg í þessum svifum sá hann konu á gangstéttinni fyrir framan Baðhúsið, og virtist hún á uppleið, því hún sneri baki að vitninu. Stutt bíl var milli konunnar og bifreiðarinnar, og sá vitnið, að fum kom á konuna, og beygði hún snöggvast til hægri, en hörfaði svo til vinstri upp að steinveggnum fyrir framan Baðhúsið. Bifreiðin rann áfram og á steinvegginn, og varð konan á milli. Allt gerðist þetta í skjótri svipan, og var vitnið komið móts við Miðstræti, er slysið átti sér stað. Vitnið tók þegar til fótanna og hljóp upp Bárustíginn og að slysstaðnum. Bifreiðin var mannlauus og vélin ekki í gangi, og stökk vitnið inn í bifreiðina og setti hana í gang og ætlaði að aka henni áfram, eins og fyrr getur. Var vitnið fyrsti maðurinn, sem kom inn í bifreiðina, eftir að slysið hafði viljað til. Fullyrti vitnið, að bifreiðin hefði ekki verið í gír, og gerði ráð fyrir, að engar bremsur hefðu verið á, en annars hefði það ekki veitt því sérstaka athygli.

Sverrir Bjarnason, Landagötu 25, Vestmannaeyjum, var eina vitnið, sem hafði veitt bifreiðinni athygli á Hilmisgötunni. Kvaðst hann hafa verið við vinnu í Hraðfrystistöðinni við Hilmisgötu, gegnt Hilmisgötu 3, og hafi hann farið niður á Barinn á Bárustíg 11 rétt fyrir kaffihléið að morgni þess 2. okt. s.l., til þess að kaupa sér sigarettur. Er hann kom út úr húsinu, sá hann bifreið ákærða standa á veginum fyrir framan hraðfrystihúsið, en hinum megin á veginum. Engan mann sá hann hjá bifreiðinni, en hvort hún var mannlauus, kvaðst hann ekkert geta sagt um, því hann aðgætti hana svo lítið. Hélt hann síðan áfram niður á Barinn og keypti þar sigarettupakka, opnaði hann og fékk sér sigarettu. Alveg í því heyrði hann, að Alfons Björgvinsson kallaði út á götuna: „Komið þið, komið þið.“ Hafði þá líðið örstuttur tími, frá því hann kom inn í búðina. Um leið og hann heyrði Alfons Björgvinsson kalla, sá hann eiganda búðarinnar, Björn Guðmundsson, taka viðbragð og hlaupa upp gangstéttina, en hann hafði verið að sópa gangstéttina fyrir framan búðina. Vitnið fór þá strax út úr búðinni og sá þegar, að alvarlegt slys hafði átt sér stað af völdum bifreiðar ákærða nokkrum metrum ofar við götuna.

Ákærði kveðst halda, að hann hafi séð einhvern mann fyrir utan hraðfrystihúsið um það leyti, sem hann var að fara út úr bifreiðinni, en hins vegar hafi hann ekki veitt því athygli, hver það var. Er líklegt, að það hafi verið Sverrir Bjarnason, er hann var að leggja af stað niður á Barinn, og eftir tímanum virðist það vel geta staðið heima.

Bifreiðaeftirlitsmaðurinn í Vestmannaeyjum athugaði bifreið ákærða strax eftir slysið. Reyndist bifreiðin í fullkomnu lagi, bæði stýri, bremsur

og girar og yfirleitt hvað eina. Lét hann bifreiðina nema staðar í brattri brekku og setti handbremsuna á, og hélt hún fullkomlega. Eins keyrði hann á handbremsunni, og hélt hún alveg. Kveðst hann álíta, að algerlega væri útilokað, að bifreiðin hefði farið af stað af sjálfsdáðum, ef handbremsan hefði verið sett á. Eins myndi bifreiðin ekki hafa runnið af stað, ef hún hefði verið sett í gir.

Fjarlægðin frá staðnum, þar sem ákærði skildi við bifreiðina fyrir slysið, og að slysstaðnum er $54\frac{7}{10}$ metrar. Á fyrstu 32 metrunum er hæðarmunurinn 60 sentimetrar, en þaðan að slysstaðnum er hæðarmunurinn 65 sentimetrar. Á allri leiðinni er því hæðarmunurinn 125 sentimetrar. Hallinn er samkvæmt þessu ekki mikill, og er hann varla sjáanlegur á staðnum, þar sem ákærði skildi við bifreiðina. Þó reyndist svo við athugun, sem gerð var eftir slysið, að bifreiðin seig þar strax af stað, er handbremsan var tekin af. Rann hún mjög hægt í fyrstunni, en fyrirsjáanlegt, að hraðinn myndi aukast, áður en næði slysstaðnum. Vegurinn er þarna malarborinn og harður, en bifreiðin var þung og hjólin harðpumpuð.

Ákærði hefur talið, að hann kunni að hafa skilið við bifreiðina óhемлаða, þrátt fyrir það, að hann tók í handbremsustöngina, áður en hann yfirgaf hana á Hilmisgötunni. Hins vegar þykir honum undarlegt, að hann sá enga hreyfingu á bifreiðinni, er hann leit til baka í portinu milli Hilmisgötu 1 og Hilmisgötu 3. Hefur hann því getið þess til, að einhver óviðkomandi hafi farið að eiga við bifreiðina og tekið handbremsuna af, er þeir Þórir voru komnir í hvarf. Aftur á móti sáu þeir hvorki börn né fullorðna á götunni eða í grennd við bifreiðina, er þeir yfirgáfu hana, að því undanskildu, að ákærði hélt, að hann hefði séð mann við hraðfrystistöðina, eins og fyrr er getið. Er þeir aftur vitjuðu bifreiðarinnar, var gatan mannlau, og sáu þeir engan í námunda við staðinn, þar sem þeir skildu við bifreiðina. Sverrir Bjarnason, er fyrr getur, sá engin börn á leið sinni frá Hraðfrystihúsinu niður á Barinn, og Alfons Björgvinsson kvaðst ekki hafa tekið eftir neinum börnum á Hilmisgötunni eða Vestmannabrautinni, er hann sá bifreiðina koma niður hjá Viðey, en er hann kom á slysstaðinn, sá hann börn í tröppunum í Viðey norðanmegin. Önnur vitni komu ekki á þessar slóðir, fyrr en eftir að slysið hafði átt sér stað, og gátu þar af leiðandi ekkert borið, sem þýðingu hafði varðandi þetta atriði.

Samkvæmt því, sem þegar er fram tekið, virðist mega telja upplýst, að ákærði hafi ekki sett bifreiðina í gir, er hann skildi við hana á Hilmisgötunni. Er þar með upplýst, að ákærði hafi skilið við bifreiðina á ótilhlýðilegan hátt. Þá hefur ekkert komið fram við rannsókn málsins, sem benti til þess, að börn eða aðrir óviðkomandi hafi farið að eiga við bifreiðina og sett hana af stað, og er því sennilegast, að ákærði hafi skilið við bifreiðina óhемлаða, þótt hins vegar megi telja upplýst, að hann hafi tekið í handhemilsstöngina. Hefur ákærði með þessum mistökum brotið gegn 27. gr., 1. mgr., og 31. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 2. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og orðið valdur að dauða konunnar fyrir vitavert gáleysi. Hefur hann því einnig brotið gegn 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt þeirri grein og 38. gr. bifreiðalaga og 14. gr. umferðarlaga og

með tilliti til þess, að ákærði hefur áður sætt refsingu fyrir brot gegn bifreiða- og umferðarlögunum og 219. gr. almennra hegningarlaga, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 3000 króna sekt í ríkissjóð, er ákærða ber að greiða innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 30 daga.

Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga þykir rétt að svipta ákærða ökuréttindum í eitt ár frá deginum í dag að telja.

Allan sakarkostnað, áfallinn og áfallandi, ber ákærða að greiða og þar á meðal kr. 450.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns hér fyrir réttinum, Axels Ó. Ólafssonar lögfræðings.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Jakob Sigurður Sigurjónsson, greiði kr. 3000.00 í sekt í ríkissjóð innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 30 daga.

Hann er sviptur ökuréttindum í eitt ár frá deginum í dag að telja.

Hann greiði allan sakarkostnað, áfallandi og áfallinn, og þar á meðal kr. 450.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Axels Ó. Ólafssonar lögfræðings.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 7. febrúar 1952.

Nr. 125/1951. **Ákærvaldið** (Þórólfur Ólafsson)
gegn

Jakobi Sigurði Sigurjónssyni
(Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Árekstur bifreiða.

Dómur Hæstaréttar.

Ólafur Ólafsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Út af sakarefni því, er mál þetta fjallar um, var höfðað mál gegn ákærða og Kristjáni Georgssyni. Í héraði var Kristjáni Georgssyni dæmd sektarrefsing svo og að greiða $\frac{3}{4}$ hluta sakarkostnaðar. Ákærða Jakob Sigurði, sem talinn var brot-